

46. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði , 05.02 2013, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. **Skýrsla oddvita**
2. **Endurskoðun aðalskipulags Fljótshrepps**
 - a) Skipulagsstofnun, dags. 18.01
 - b) Sveitarfélagið Hornafjörður, dags. 15.01
 - c) Fljótshérað, dags. 10.01
 - d) Umhverfisstofnun dags. 23.01
 - e) Minnisþing frá fundum 22.01
3. **Félagsþjónusta**

Reglur um fjárhagsaðstoð, breyting
4. **Óbyggðasafn Íslands**, forsvarsmenn safnsins mæta til fundar
5. **Fjallaskarð**, viðaukasamningur við HT hús
6. **Minjasafn Austurlands**, samstarfssamningur og aukið framlag 2013
7. **Tilboð Mannvits** , í úttekt og tillögu að endurbyggingu Melaréttar
8. **Hengifossvæðið**, skipulag, hönnun, leiðsögn
9. **Byggingarnefnd**
10. **Bréf**
 - a) Innanríkisráðuneytið dags 21.01 og 22.01
 - b) Sveitarfélagið Hornafjörður dags. 21.01
 - c) Fljótshérað dags. 11.01
 - d) Minjastofnun Íslands dags. 09.01
 - e) Fljótshérað, afrit af bréfi til stjórnar Héraðsskjalasafns dags. 11.01
 - f) Umhverfisstofnun dags. 28.01
 - g) Vegagerðin dags. 29.01
 - h) Starfshópur um endurskoðun stjórnarfyrikomulags Vatnajökulspjóðgarðs dags.28.01
11. **Fundargerðir**
 - a) Félagsmálanefnd 21.01
 - b) HAUST 14.01
 - c) Samtök orkusveitarfélaga 11.01, ásamt ársreikningi 2012
 - d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 23.01 og 30.01
 - e) Samstarfsnefnd SSA 24.01
12. **Fjárbeiðnir**

Gróðrarstöðin Barri ehf dags. 22.01
13. **Önnur mál.**

1. Skýrsla oddvita.

Farið var í Laugarfellsskála 9. janúar til að yfirlíta húsnæðið og uppfæra eignaskrá vegna rekstursaðilaskipta. Ágætlega fært fyrir jeppa var alveg heim að skálanum. 11. janúar var svo skrifað undir samning við nýju rekstraraðilana.

Um miðjan janúarmánuð var gengið frá nýjum ljósleiðarastreng og rafmagnsstreng í Kelduá, á móts við Klúku, en fyrir í vetur kom í ljós að áin hafði grafið frá strengjunum og veruleg hætta á að þeir rofnuðu. Framkvæmdir voru á u.þ.b. 500 m kafla og kostnaðarhlutur Fljótsdalshrepps vegna framkvæmdanna um 2 millj. kr.

Fulltrúar smærri sveitarfélaga á Austurlandi hittust á Egilsstöðum 14. Janúar til viðræðna um sameiginleg hagsmunamál.

18. janúar var skrifað var undir samning við Vegagerðina vegna vegaframkvæmda í Fljótsdal 2012-2013.

Oddviti hefur skrifað undir verksamning við Mannvit verkfræðistofu um gerð og viðhalds grunns fyrir veitur, landamerki og mannvirki í Fljótsdalshreppi.

Oddviti var skipuð í starfshóp Umhverfisráðuneytis um stjórnsýslufyrirkomulag Vatnajökulspjóðgarðs og fundaði starfshópurinn í Rvk 22. Janúar. Starfshópnum er ætlað að skila skýrslu til ráðherra fyrir 1. apríl n.k. Sama dag fundaði oddviti með Einari Sæm hjá Landmótun og þau hittu svo fulltrúa Umhverfisstofnunar og ræddu við hann um afmörkun Gilsárdals á Náttúruverndarskrá.

Gísli Sigurgeirsson fréttamaður hjá N4 sjónvarpsstöð, var í Fljótsdal 4. febrúar í efnisöflun fyrir stöðina .Auk stuttrar heimsóknar til oddvita heimsótti hann Skriðuklaustur og stefnir á að koma aðra ferð í dalinn fljótlega.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur samþykkt viðmiðunarreglur vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags, ásamt gjaldskrá.

Mennta-og menningarmálaráðuneytið hefur tilkynnt að Námsmatsstofnun hafi umsjón með framkvæmd ytra mats á leik-og grunnskólum.

UMFÍ þakkar þeim sveitarfélögum sem stutt hafa við bakið á keppnisliðum ungmennafélaga með því að sjá þeim fyrir gistingu í sínu húsnæði. Jafnframt er önnur sveitarfélög sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem þörfin er mest , hvött til að leggja sitt að mörkum í þessum efnum.

Skipulagsstofnun hefur formlega skilað tillögu sinni að landsskipulagsstefnu 2013-2024 til ráðherra.

Umhverfis-og samgöngunefnd Alþingis hefur sent til umsagna sveitarfélaga frumvarp til laga um náttúruvernd. Skilafrestur umsagna er til 8. febrúar.

2. Endurskoðun aðalskipulags Fljótsdalshrepps

- f) Skipulagsstofnun, dags. 18.01. Kostnaðarþátttaka Skipulagssjóðs vegna endurskoðunar aðalskipulagsins verður að lágmarki 2.8 millj.
- g) Sveitarfélagið Hornafjörður, dags. 15.01. Gerir ekki athugasemd við matslýsingu.
- h) Fljótsdalshérað, dags. 10.01. Gerir ekki athugasemd við matslýsingu.
- i) Umhverfisstofnun dags. 23.01. Gerir ekki athugasemd við matslýsingu.
- j) Minnisþing frá fundum 22.01. Kynnt.

3. Félagsþjónusta

Reglur um fjárhagsaðstoð. Breytingar á gildandi reglum samþykktar af hálfu Fljótsdalshrepps.

Steingrímur Karlsson og Arna Björg Bjarnadóttir mættu til fundar kl 15.00

4. Óbyggðasafn Íslands.

Arna Björg og Steingrímur fóru yfir hvernig mál standa varðandi uppbyggingu safnsins og afhentu sveitarstjórn uppfærða viðskiptaáætlun og skýrslu sem unnin hefur verið um efnistöð og miðlunarleiðir sýninga. Þau hafa fengið til liðs við sig þá sérfræðinga sem þau telja besta á sínu sviði varðandi hönnun og hugmyndavinnu. Stofnað hefur verið einkahlutafélagið Óbyggðasafn Íslands ehf, framkvæmdir við endurbætur fjóss-og hlöðu eru vel á veg komnar og farið að huga að skráningu muna. Mikill tími og hefur farið í að vinna umsóknir um styrki, fundarhöld, söfnun gripa og fl. sem snýr að stofnun safnsins. Styrkir sem fengist hafa gera mögulegt að hefja skráningu safnmun. Stefnt er á að safnið opni á árinu 2014, það mun þó ráðast af fjármögnun. Eftir góðar umræður um þetta áhugaverða verkefni, þakkaði oddviti forsvarsmönnum safnsins komuna og yfirgáfu þau Arna og Steingrímur fundinn um kl. 16.45.

Fljótsdalshreppur veitti 5 millj. styrk til safnsins á árinu 2012. Umræða varð um hvort Fljótsdalshreppur verði hluthafi í félaginu og framlag sem ætlað er til Óbyggðasafnsins á yfirstandandi ári verði þá lagt inn í félagið sem hlutafé. Samþykkt að ákvörðun um það verði tekin síðar.

5. Fjallaskarð.

Oddviti kynnti drög að viðaukasamningi við HT hús. Samþykkt að fela oddvita undirritun samningsins.

6. Minjasafn Austurlands.

Samþykkt að auka framlag til safnsins um kr. 158.503,- á árinu 2013.

Rætt var um samstarfssamning um safnið sem var í endurskoðun á árinu 2011. Samningurinn var ekki frágenginn þá, m.a. vegna athugasemda sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps við fyrirbyggjandi samningsdrög. Gerðar voru athugasemdir við að framlög aðildarsveitarfélaga til safnsins tækju einvörðungu mið af skatttekjum, en ef skipta ætti upp eignum og skuldum væri það gert eftir íbúafjölda. Sveitarstjórn telur athugasemdirnar í fullu gildi ef endurskoðun samningsins hefst á ný, eins og nú er rætt um að gera.

7. Tilboð Mannvits, í úttekt og tillögu að endurbyggingu Melaréttar.

Tilboðið hljóðar upp á 1.6 millj. og þykir ekki aðgengilegt. Sveitarstjórn er þó tilbúin til þess að ræða einstaka liði tilboðsins frekar.

8. Hengifossvæðið, skipulag, hönnun, leiðsögn.

Kynnt minnisblað sem unnið var af Mannvit verkfræðistofu, um aðstöðu ferðamanna á Hengifossvæðinu.

Samþykkt samstarf við Snæfellsstofu Vatnajökulsþjóðgarðs í sumar í þá veru að starfsmaður Snæfellsstofu verði staðsettur á Hengifossvæðinu hluta dags, til leiðsagnar í gönguferðum upp að Hengifossi og miðlunar upplýsinga til ferðamanna. Til að mæta launakostnaði er samþykkt að Fljótsdalshreppur leggi fram allt að kr. 250 þús.

9. Byggingarnefnd. Samkvæmt nýjum samþykktum sveitarfélagsins heitir Byggingarnefnd nú

Bygginga- og skipulagsnefnd. Huga þarf að því að skilgreina hlutverk nefndarinnar með erindisbréfi eða sérstakri samþykkt. Formaður nefndarinnar Jónas Hafþór Jónsson hefur flutt lögheimili sitt úr sveitarfélaginu og þar með látið af störfum í byggingarnefnd. Honum eru þökkuð vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins. Fyrsti varamaður sem er Jón Þór Þorvarðarson færast upp og tekur sæti í nefndinni sem aðalmaður.

Samþykkt að fresta óafgreiddum dagskrárliðum, halda aukafund sveitarstjórnar í næstu viku og ljúka þar afgreiðslu fyrirbyggjandi mála.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.15

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)